

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

329. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins þriðjudaginn 17.12.2013, kl.12:00 á skrifstofu SORPU bs., Gylfaflöt 5.

Mættir eru:

Margrét Gauja Magnúsdóttir, Páll Hilmarsson, Karl Sigurðsson, Bjarni Torfi Álfþórsson og Hafsteinn Pálsson. Ómar Stefánsson var í skype sambandi frá Dubai.

Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni G. P. Hjarðar og Sigríður Björg Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

- 1. Útboð í móttökustöð.**
Framkvæmdastjóri leggur til að samningur við GT. Hreinsun verði framlengdur að hluta til 1. október 2014, unnið verði að útboði á vélavinnu til tveggja ára en að SORPA taki að sér móttöku og röðun pappírs- og pappabagga og útvegi sér vélbúnað til þess verks. Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.
- 2. Framlenging á samningi SORPU bs. og SOS bs.**
Framkvæmdastjóri leggur fram tillögu að framlengingu samnings Sorpstöðvar Suðurlands bs. og SORPU bs. , sem undirritaður var 22. maí 2009, um sex mánuði það er til 30. júní 2014. Viðskiptakjör munu fylgja gjaldskrá SORPU eins og hún er auglýst hverju sinni. Stjórn samþykkir að framlengja samninginn.
- 3. Umhverfissvottun SORPU bs.**
Framkvæmdastjóri upplýsir að frá og með föstudeginum 13. desember sé SORPA komin með umhverfissvottun samkvæmt staðli ISO14001.
- 4. Gasgerðarstöð, mat á áhrifum á fjárhagsstöðu.**
Kynntar niðurstöður greinargerðar sem unnin er af Capacent, um mat á áhrifum kostnaðarsamra framkvæmda á fjárhagsstöðu byggðasamlagsins.
Kynnt umsögn fjármálastjóra aðildarsveitarfélaganna um málið. Málið rætt.
Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.
- 5. Breyting á gjaldskrá um áramót.**
Gjaldskrárvisitala SORPU hefur hækkað um 1,047% frá gjaldskrá sem tók gildi 1.júlí 2013. Vísitöluhækkunin mun koma fram í gjaldskrá er tekur gildi 1.janúar 2014.
- 6. Niðurstöður árlegrar neyslukönnunar.**
Kynntar niðurstöður árlegrar neyslukönnunar, SORPU bs sem gerð var 2013 og unnin af Gallup. Málið rætt.
- 7. Fundarplan til júní 2014.**
Lögð fram drög að fundarplani fram til júní 2014.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 6.1.2014 klukkan 7.30..

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 13.40.

Fundarritari Sigríður B.Einarsdóttir.

Hafsteinn Pálsson
Björn H. Halldórsson Karl Sigurðsson
Sigríður B. Einarsdóttir

Margrét Gauja
Páll Hilmarsson
Bjarni Torfi Álfþórsson
Hjarðar